



90. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn í Stofu íslenska fræða þriðjudaginn 3. desember 2019

Fundinn sátu Gunnar Þorgeirsson, Friðrik Sigurbjörnsson, Engilbert Olgeirsson Sigríður K. Viðarsdóttir fulltrúi FOMEL og Elín Una Jónsdóttir, fulltrúi kennara. Gestur fundarins var fjármálastjóri ML og gjaldkeri Mötuneytis ML, Ragnheiður Bjarnadóttir. Halldór Páll Halldórsson og Jóna Katrín Hilmarsdóttir, ritaði fundargerð. Helga Margrét Óskarsdóttir, fulltrúi nemenda, Sandra Dís Hafþórsdóttir og Eydís Indriðadóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Mötuneytis ML 1. ágúst 2018 – 31. júlí 2019.
2. Ákvörðun um breytingar á gjaldskrá
3. Rekstraráætlun skólans 2020
4. Stefnuskjal ML til næstu þriggja ára
5. Önnur mál

1. Ársreikningur Mötuneytis ML 1. ágúst 2018 – 31. júlí 2019

Afritum af ársreikningi 2019 var dreift til fundarmanna. Ragnheiður Bjarnadóttir gjaldkeri Mötuneytis ML fer yfir ársreikning Mötuneytis ML og útskýrði helstu tölur. Afgangur á rekstrinum eftir árið eru 2.546.459 kr. Í ljósi yfirvofandi kjarasamninga er mögulegt að launaliður Mötuneytis muni hækka á næstu misserum. Ársreikningurinn var samþykktur og áritaður af stjórnarmönnum.

2. Ákvörðun um breytingar á gjaldskrá

Tekin var umræða um uppsafnað fé hjá Mötuneyti og hvort tímabært sé að hækka gjaldskrá mötuneytis. Almennt voru fundarmenn sammála um að æskilegt sé að hækka verðskrá ekki á miðju skólaári ef hægt er að komast hjá því. Mun þá skoðað á vörfundum hvort þörf sé á hækkun gjaldskrár vegna næsta skólaárs.

3. Rekstraráætlun skólans 2020

Skólameistari kynnir rekstraráætlun skólans fyrir árið 2020 og fór yfir helstu tölur. Gert er ráð fyrir að skólinn festi kaup á bifreið á næstu mánuðum. Fjárlög næsta árs liggja nú fyrir og eins og málin standa virðist um nokkuð raunhæfa áætlun fjármagns að ræða. Fundarstjóri spurði um stöðu hitaveitumála. Skólameistari svaraði því til að ekki hefur enn borist reikningur fyrir hitaveitukostnaði skólans eftir að mælar voru settir upp, þrátt fyrir beiðni þar um. Nú er í gildi samningur til eins árs við sveitarfélagið Bláskógabyggð um afnot af íþróttahúsinu og hefur samvinna og skipulag almennt gengið vel.



4. Stefnuskjal ML til næstu þriggja ára

Halldór Páll kynnir fyrir fundarmönnum stefnuskjal ML þar sem sett eru fram mælanleg markmið og horft til þriggja ára í senn sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál. Brotthvarf frá ML hefur verið sáralítið og stefnt að því að halda góðri stöðu áfram og gera jafnvel enn betur. Sérstaklega vill ML stefna að því að nemendum líði vel í skólanum og á heimavistum. Margt er tekið út og mælt í innra mati og farið var yfir nokkur atriði stefnuskjals.

Í stefnuskjali er markmið er lýtur að sálfræðipjónustu við nemendur. FOMEL ályktaði á haustdögum um aðgengi að sálfræðingi og skoraði á skólann að auka viðveru sálfræðingsins við skólann. Halldór Páll las upp ályktun sem barst frá FOMEL þann 20. október 2019 fyrir fundarmenn. Sálfræðingurinn sem starfar við skólann mun auka viðveru sína í þrjú skipti í mánuði og mun skólinn þá standa vel varðandi sálfræðipjónustu við nemendur.

5. Önnur mál

- a. Halldór Páll kynnti fyrir fundarmönnum ferð sína sem hann fór til Kína á alþjóðlega ráðstefnu skólameistara (ICP) í Shanghai í október 2019.
- b. Ungmennabúðir UMFÍ hafa nú hafið starfsemi á Laugarvatni og rædd voru kynningarmál ML fyrir gesti Ungmennabúðanna.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 14:20